



Reykjavík 26. maí 2023

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um málefni Strætó - MSS 23030117

Skiptimiðar eru notaðir í vögnum Strætó þegar farþegar þurfa að skipta um vagn til þess að komast leiðar sinnar. Þegar farþegar greiða fargjald með peningum geta þeir fengið skiptamiða sem gildir í 75 mínútur. Ef greitt er með öðrum formiðli, t.d. klapp-tíu korti eða stökum miða úr klapp-appi gildir miðinn sjálfkrafa í 75 mínútur og engin þörf er á skiptimiða. Vagnstjórar Strætó eru meðvitaðir um virkni skiptimiða.

Allar upplýsingar um leiðakerfi Strætó má finna á vefsíðunni stræto.is, í Klapp-appinu, á biðstöðvatöflum við allar biðstöðvar og á rauntímaskjám sem finna má víða, m.a. á Hlemmi. Skýrar merkingar eru á Hlemmi við öll vagnastæði hvaða vagnar/leiðir stoppa þar.

Strætó byggir þá vinnslu persónuupplýsinga sem felst í öflun upplýsinga frá skóla- og menntastofnunum á samþykki einstaklinga. Það þýðir að þegar upplýsinga er aflað frá skóla- og menntastofnunum í þágu sannreyningar á rétti viðskiptavinar til námsmannaafsláttar þá er það eingöngu gert að frumkvæði einstaklingsins og háð því að viðkomandi hafi samþykkt miðlun upplýsinga frá skóla til Strætó í gegnum hlutaðeigandi námsumsjónarkerfi.

Vinnslan fer fram með vefkalli í kerfi skóla- og menntastofnana sem framkallað er úr kerfum Strætó sem rekin og hýst eru af þjónustu-og vinnsluáðilum Strætó.

Eingöngu er aflað þeirra upplýsinga sem þarf. Upplýsingum sem safnað er með vefkalli er miðlað á því sniði að sem minnstar upplýsingar eru veittar þannig að meðalhóf og lágmörkun gagna sé tryggt. Þannig er eingöngu miðlað upplýsingum sem gefa til kynna jákvætt eða neikvætt svar. Þar að auki er gætt að meðalhófi í tengslum við varðveislu upplýsinga með því að tryggja að upplýsingum sem safnað er með vefkalli í kerfi skóla- og menntastofnana sé eytt innan 24 klst. Þessi leið er farin til þess að takmarka vinnslu og auka öryggi persónuupplýsinga.

Virðingarfyllt,

Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri

Strætó bs.
Hesthals 14
110 Reykjavík
S. 540-2700
stræto.is



Strætó bs.
Hesthás 14
110 Reykjavík
S. 540-2700
stræto.is